



6. bekkur Félagsfræði (FÉLA3KR09)

Í vetur verður farið dýpra í meginkennningar félagsfræðinnar og helstu fræðimenn hennar ásamt því að halda áfram með efni vefbókarinnar. Einnig verða kenndar og þjálfaðar aðferðir við framkvæmd félagsfræðilegra rannsókna og framsetning á rannsóknarniðurstöðum.

Kenndar verða 4 kennslustundir í viku og fer kennsla fram með verkefnavinnu, umræðum, innlögnum kennara sem og nemenda. Auk minni verkefna munu nemendur vinna tvö stærri rannsóknarverkefni undir handleiðslu kennara. Fyrra verkefnið er meginleg rannsókn og seinna verkefnið er eigindleg rannsókn. Seinni hluta vetrar verður farið í kynjafræði.

Nemendur;

- þjálfist í að fjalla um félagsleg málefni
- geti gert grein fyrir helstu kenningum félagsfræðinnar og skilji hvernig kenningaleg nálgun tengist viðfangsefnum og aðferðum félagsfræðirannsókna
- geti beitt kenningum um samfélagið við túlkun og greiningu á samfélaginu og samfélagslegum málefnum.
- þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu
- geti skipulagt og framkvæmt einfaldar félagsfræðirannsóknir og komið niðurstöðum þeirra á framfæri á vandaðan hátt.
- kynnist kenningum kynjafræðinnar

Námsefni:

Vefbók: Félagsfræði, ég við og hin. Höfundur: Hrafnkell Tumi Kolbeinsson.

<https://vefbok.is/eg-vid-og-hin/>

Kynjafræði fyrir byrjendur. Höfundar: Björk Þorgeirsdóttir og Þórður Kristin

<https://kynjafraedi.vefbok.forlagid.is/?id=1>

Annað efni frá kennara

Námsmat:

Vinnueinkunn:

3 kaflapróf yfir veturinn (30%)

Megindleg rannsókn (20%)

Eigindleg rannsókn (20%)

Ástundun og verkefnaskil (30%)

Stúdentspróf, lokapróf 100%

Lokaeinkunn byggir á meðaltali af stúdentsprófseinkunn og vinnueinkunn.

Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.